


# VERKFERILL

FORVARNARÁÆTLUN, VIÐBRÖGÐ OG  
TILKYNNINGARFERILL VIÐ  
KYNFERÐISOFBELDI

Síðast yfirlit  
ágúst 2023



## INNGANGUR:

Í þessu hefti má finna verkferla til að gera sumarbúðirnar Reykjadal öruggari þegar kemur að kynferðisofbeldi. Það styrkir starf sumarbúðanna að styðjast við forvarnaráætlun, læra um fyrstu viðbrögð og eiga tilkynningarferil er varða kynferðislegt ofbeldi. Heftið er ætlað öllu starfsfólki Reykjadal bæði í Mosfellsdal og Skagafirði, stjórnendum sumarbúðanna sem og stjórn Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. Heftið á ávallt að vera til staðar í aðstöðu starfsfólks sumarbúðanna sem og vera kafli í handbók sem allt starfsfólk fær til einkaeignar í byrjun hvers sumars. Verkferlarnir eru unnar af forstöðufólki Reykjadal í samvinnu við Barnaheill á Íslandi. Stjórn Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra samþykkir yfirfarnar verklagsreglur árlega.

Verkferillinn er settur upp á eftirfarandi hátt:

- I.** Forvarnaráætlun og fræðsla
- II.** Öruggari rými
- III.** Siðareglur starfsfólks
- IV.** Fyrstu viðbrögð
- V.** Tilkynningarferill
- VI.** Mikilvæg símanúmer
- VII.** Eftirfylgni

En fyrst er mikilvægt að skilja þörfina á verkferlinum og mikilvægi tilkynningarskyldunnar. Þá ber allra fyrst að vekja athygli á að rannsóknir sýna að fatlað fólk verður í meira mæli fyrir ofbeldi en ófatlað fólk og þá sér í lagi fatlaðar konur og fötluð börn. Samkvæmt breskri rannsókn er fatlað fólk nánast tvöfalt líklegra að verða fyrir kynferðisofbeldi en ófatlað fólk (1). Enn fremur samkvæmt skýrslu Ríkislögreglustjóra frá því í ágúst 2020 kemur fram að fatlað fólk sé mikið líklegra til að verða fyrir margskonar ofbeldi en ófatlað fólk. Aftur á móti eru mál fatlaðra brotaþola mun ólíklegra til þess að leiða til sakfellinga heldur en mál ófatlaðra brotaþola (2). Afleiðingar af slíku ofbeldi geta verið mjög alvarlegar fyrir þann sem fyrir því verður og er áfallastreituröskun ein af þeim afleiðingum (3).

Fatlað fólk er jaðarsett af samfélaginu og vegna öráreitnis, fötlunarfordóma og óviðunnandi þjónustu getur sumt fatlað fólk orðið vant ofbeldinu (4). Þetta er mjög alvarleg staða og ber fólki sem starfar með fötluðu fólki að vera meðvitað á þessari stöðu og jaðarsetningu fatlaðs fólks. Þá þarf að þekkja einkenni kynferðisofbeldis og þekkja alla ferla sem eru til staðar til að gera stöðu fatlaðs fólks öruggari þegar kemur að kynferðislegu ofbeldi. Enn fremur þarf alltaf að tilkynna þegar grunur er um ofbeldi gegn fötluðu fólki, þar sem staðan gæti verið þannig að þau eru ekki fær um að tilkynna sjálf.

1: Ríkislögreglustjóri. (2020). Ofbeldi gegn fötluðum á Íslandi.

2: ÖBÍ. (2022). Íslenska skuggaskýrslan fyrir Kvennasáttmálann 2022.

3: Ivanov, M., Platonova, N. og Kozlovskaya, G. (2015). Long term mental health consequences of child sexual abuse. *European psychiatry*, 30(1), 28-31.

4: Stígamót (e.d.). Fyrir fatlað fólk. Sótt af <https://stigamot.is/fraedsluefni/fyrir-fatlad-folk/>



## SKILGREININGAR

- Skilgreining á kynferðislegu ofbeldi

Kynferðislegt ofbeldi brýtur á sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstjórn brotþola, til dæmis þegar einhverjum er þröngvað til kynferðislegra athafna (5). Kynferðisofbeldi á börnum er þegar börn eru neydd eða hvött til að taka þátt í kynferðislegu athæfi eða leik.

Gerendur eru oft í hópa þeirra sem þau treysta. Kynferðisofbeldi á börnum er öll kynferðisleg snerting, sýniþörf, klám, gæjuþörf eða kynferðisleg samskipti (6). Þetta getur átt sér stað á milli annars vegar fullorðins og barns en getur einnig verið milli tveggja ólögráða einstaklinga þar sem annar aðilinn hefur vald yfir hinum. (7)

Hér á landi er hugtakið kynferðisofbeldi notað sem samheiti yfir margvíslega kynferðishegðun sem brýtur á réttindum brotþola. (6)

Birtingarform kynferðisofbeldis getur verið:

*Kynferðisleg áreitni:* er þegar farið er yfir mörk á kynferðislegan hátt. Hegðun sem er óvelkomin, ósanngjörn og særir blygðunarkennd. Áreitnin getur verið líkamleg, andleg myndræn og stafræn.

*Nauðgun:* er þegar einhver þrengir sér inn í líkama annarrar manneskju gegn vilja og án samþykkis hennar.

*Klám:* Öll framleiðsla á slíku efni með börnum og unglingum flokkast sem kynferðisofbeldi.

En einnig *sifjaspell* og *stafrænt kynferðisofbeldi* (8).

5: Anna Þóra Kristinsdóttir og Guðrún Jónsdóttir. (2016). Ársskýrsla 2015. *Stígamót*. Reykjavík

6: Anna K Newton og Þórarinn Viðar Hjaltason. (2011). Hinn launhelgi glæpur; Freydís Jóna Freysteinsdóttir (2.útg. 2012)

7: Bryndís Björk Ásgeirsdóttir. (2011). Hinn launhelgi glæpur. Svala Ísfield Ólafsdóttir ritstýrði.

8. Úr Námsefni Barnaheilla: Verndarar barna



## SKILGREININGAR

- Tilkynningarskylda og aðrar skyldur við barnaverndaryfirvöld (9).

16. gr. Tilkynningarskylda almennings.

Öllum er skylt að tilkynna til barnaverndarþjónustu ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn:

- a. búi við óviðunandi uppeldisaðstæður,
- b. verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða
- c. stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.

17. gr. Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum.

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málum barna eða barnshafandi einstaklinga og verður var við aðstæður eins og lýst er í 16. gr. er skylt að tilkynna það barnaverndarþjónustu. Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur frammar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

/ Tilkynna þarf til þess sveitarfélags þar sem barnið býr eða hafa samband við neyðarlínuna í síma 112.

Vegna bráðatilvika utan dagvinnutíma barnaverndar skal hafa samband við neyðarnúmerið 112. Starfsfólk 112 meta hvert tilfelli fyrir sig og vita hvort nauðsynlegt er að grípa strax til aðgerða og er þá heyrt í vakt barnaverndar í viðkomandi sveitarfélagi. Annars fær starfsfólk barnaverndar skýrslu um símtalið næsta virka dag (10).



## FORVARNARÁÆTLUN

Með því að fylgja eftirfarandi atriðum getur forvarnaráætlun verið hornsteinn af stefnu Reykjadal um verndum barna og ungmenna. Starfsfólk Reykjadal endurspeglar starfið og því er mikilvægt að skima fyrir og vera með eftirlit á starfsfólki. Forvarnaáætlunin leggur einnig áherslu á hvernig og hvaða fræðsla er skylda fyrir starfsfólk og stjórnendur Reykjadal árlega þegar kemur að forvörnum gegn kynferðisofbeldi.

- Ráðningar og skimun starfsfólks:
  1. Meðmæli áður en starfsfólk er ráðið. Fá meðmæli frá tveimur óskyldum meðmælendum símléiðis.
  2. Spyrja sérstaklega um fyrri samskipti við börn í meðmælendasímtalinu og nota starfsviðtalið til að kynnst umsækjenda enn fremur.
  3. Allt starfsfólk skilar inn sakavottorði og gefur leyfi að það megi fletta þeim upp í Sakaskrá ríkisins.
  4. 18 ára aldurstakmark að vinna í umönnunarstarfi
- Forsjáaraðilar fylgja gestum í sumarþúðirnar og fá þar tækifæri að kynnst þeim sem munu fylgja þeirra börnum.
- Hópaskipting gesta er í samræmi við aldur og valdajafnvægi eftir bestu getu.

## FRÆÐSLA

- Allir í hópi stjórnenda, vaktstjóra og aðstoðarvaktstjóra fara á námskeið Barnaheilla; *Verndarar barna* fyrir hvert sumar til að öðlast dýpri kunnáttu og færni til að stýra vaktinni ef það vaknar grunur um kynferðislegt ofbeldi.
- Allt starfsfólk sumarþúðanna situr fyrirlestur um kynferðisofbeldi og fötluð börn frá Barnaheillum með það að markmiði að fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi, þekkja einkenni ofbeldis og læra að bregðast við.
- Stöðvarvinna skal vera á starfsfólksnámskeiði í litlum hópum um verkferilinn, fyrstu viðbrögð og tilkynningarferilinn.
- Allt starfsfólk fær verkfæri í hendurnar til að minna gesti sumarþúðanna á samþykki og mörk sín á milli.



## ÖRUGGARI RÝMI

Vinnureglur í sumarbúðunum til að skapa sem öruggustu aðstæðurnar fyrir gesti og starfsfólk:

- Allar hurðir eiga að vera opnar í svefnálmum. Ef hurð er lokað á að banka og athuga hvort það sé verið að nota herbergið.
- Meginreglan er að lágmarki tveir starfsmenn eru í dagskrárlið með gesti/gestum og starfsmannasími alltaf með í för.
- Skýrar reglur til staðar um símanotkun gesta og starfsfólks.
- Í matarskiptum (helmingur af starfsfólki í matartíma) er einn starfmaður sem gengur um með talningarblað sem eykur yfirsýn á öllum svæðum sumarbúðanna.
- Mikilvægt að starfsfólk sýni traust og bjóði upp á stuðningsnet þar sem gestir geta leitað til varðandi frásagnir, stuðning eða leiðbeiningar.

Vinnureglur um kringumstæður þar sem starfsfólk þarf að vera eitt í rými með gesti: t.d. Klósettferðir, sturtuklefar, bílferðir og samtöl.

- Að öllu jöfnu aðstoðar karlkyns starfmaður einungis gesti með sömu kynvitund við klæðnað, í sturtuferðum og inn á salernum.
- Megin reglan skal vera að starfsfólk aðstoðar aðeins gesti í viðeigandi sturtuklefum þar sem kynvitund beggja aðila samræmist.
- Ef gestur þarf að fara í bílferð, til dæmis á læknavakt eða heilsugæslu, skal meginreglan vera sú að tveir starfsmenn fylgja.
- Ef gestur og starfsmaður þurfa að eiga samtál þá skal gera það með opna hurð eða í stóru opnu rými þar sem næði gefst. Annars reyna að vera fleiri en tvö.
- Ávallt er að minnsta kosti einn starfsmaður á bakkanum í sundi og starfsfólk í sundlauginni í takt við fjölda gesta.



## SIÐAREGLUR STARFSFÓLKS

Siðreglur er varða samskipti starfsfólks og gesta sumarþúðanna. Þá sérstaklega þegar kemur að persónulegri aðstoð og orðræðu.

- Koma fram við alla gesti af virðingu, átta sig á valdastöðu sinni sem og bera ábyrgð á öllum samskiptum.
- Starfsfólk skal nota virðingarfulla orðræðu í hvívetna um gesti, beint og óbeint.
- Forðast að vera eitt í rými með gesti: sjá vinnureglur að ofan.
- Forðast líkamlega snertingu sem getur valdið vanlíðan eða óþægindum hjá gestum.
- Forðastu orðaskipti sem gætu verið túlkuð sem kynferðisleg.
- Fá samþykki frá gesti áður en þú veitir aðstoð, ef gestur tjáir sig ekki með tali er horft til annarra tjáskipta.
- Gefa gesti tækifæri að setja mörk og velja hver aðstoði sig við persónulegt hreinlæti.
- Ekki tala um persónuleg málefni gests fyrir framan aðra.
- Starfsfólk skal gæta trúnaðar um málefni gesta utan vinnustaðar.
- Forðast óviðeigandi orðræðu sem gera lítið úr fötlun, kyni, hinseginleika, líkama eða húðlit.
- Snertingar eins og knús og handabönd eru notuð til huggunnar eða við fagnaðarfundi en ekki í aðstæðum þar sem þau eru óþörf.
- Virða það ef gestur vill ekki láta taka mynd af sér með síma sumarþúðanna.
- Starfsfólk skal alltaf leiðrétta sig og aðra í kringum sig ef notuð eru óviðeigandi orð, eða vafi leikur á að farið sé eftir þeim reglum sem gilda.

## FYRSTU VIÐBRÖGÐ

Fyrst er mikilvægt að þekkja möguleg einkenni þess sem orið hefur fyrir kynferðislegu ofbeldi og rifja upp reglulega líkamleg-, andleg- og félagsleg einkenni. Vera ávallt á tánnum, sýna hugrekki og segja frá aðstæðum sem þú varst vitni af. Ef gestur sumarþúðanna segir þér frá ofbeldi eða áreitni skal hafa eftirfarandi í huga:

- Trúa alltaf brotþola og taka öllum frásögnum alvarlega.
- Halda ró og beita virkri hlustun - taktu við upplýsingum og ekki spyrja leiðandi spurninga.
- Hrósa fyrir hugrekkið og láta vita að þú ætlir að hjálpa með því að segja réttum aðilum frá.
- Tilkynna (sjá tilkynningarferil á næstu síðu).
- Fá faglega aðstoð hjá Barnavernd / Lögreglu.



## VEGNA GRUNNS UM KYNFERÐISLEGT OFBELDI:

**TILKYNNINGARFERILL**

Gildir þegar fullorðinn brýtur á barni kynferðislega og þegar mikill aldursmunur eða valdaójafnvægi er til staðar milli geranda og brotabola.

**1 TRYGGJA ÖRYGGI**

Tryggja öryggi þeirra sem tengjast atvikinu. Fá einhvern til að fylgja þeim og styðja meðan næstu skref eru tekin.

**5 VÍSA HEIM**

Ef gerandi er í sumarbúðunum skal lögregla meta hvort hún fylgi honum af staðnum eða hvort hann fari heim sjálfur. Gerandi mætir ekki aftur á meðan málið er til skoðunar.

**2 112 / BARNAVERND**

Hringja í Neyðarlínuna (112) sem gefur samband við Barnavernd\*. Neyðarlínan metur hvort lögreglan mæti á svæðið.

\* Ef einhver sem tengist atvikinu er yngri en 18 ára.

**6 ATVIKSSKRÁNING**

Skrifa ítarlega atviksskráningu (eyðublað á skrifstofu). Ef vitni eru fleiri en eitt skal hvert og eitt gera skýrslu.

Safna skal saman upplýsingum sem hjálpa fagfólkinu sem tekur við málinu.

**3 FORSJÁRAÐILAR**

Hringja í forsjáraðila þeirra sem koma að atvikinu. Ekki má líða langur tími þar til forsjáraðilum er gert viðvart.

**7 EFTIRFYLGNI**

Forstöðufólk Reykjadalssjúkrahús tilkynnir stjórn Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra sem, Gæða- og eftirlitsstofnun velferðamála og réttindagæslu fatlaðs fólks um atvikið og gerir með þeim skipulag um eftirfylgni og frekari vinnu. Einnig er farið yfir viðbrögðin við atvikinu til að draga lærdóm af.

**4 VETTVANGUR**

Ef atvikið er nýskeð þarf að meta í samvinnu við fagfólk hvort loka þurfi vettvangi/rými atvikisins fyrir frekari umferð með það markmið að varðveita sönnunargögn.





## VEGNA GRUNS UM KYNFERÐISLEGT OFBELDI:

**TILKYNNINGARFERILL:  
MIKILVÆG ATRIÐI**

- Ef vaktstjórar og forstöðufólk er ekki til staðar á starfsfólk sumarbúðanna að þekkja verkferla, hafa vitneskju um fyrstu viðbrögð og nota tilkynningarferilinn hér á undan. Þá bætist við það skref að hringja í forstöðufólk.
- Ef atvikið er frásögn þar sem gestur sumarbúðanna segir frá liðnum atburði þá skal hafa beint samband við Barnavernd.
- Allt starfsfólk má hringja í 112 og Barnavernd.
- Allar tilkynningar eru tilkynntar í nafni félagsins (SLF) og tilkynnt af forstöðufólki.
- Ef brotþoli er eldri en 18 ára verða allar ákvarðanir í málinu að vera í samráði við einstaklinginn sjálfan. Tengja brotþola við réttindagæslu fatlaðs fólks.
- Ef gerandi tilheyrir hópi fatlaðs fólks skal fylgja tilkynningarferlinum líkt og með ófatlað fólk. En vegna viðkvæmar stöðu þarf að heyra í réttindagæslumanni fatlaðs fólks strax sem og talsmanni einstaklingsins (þar sem við á).
- Trúnaður um öll nöfn sem eiga að málinu gildir - mikilvægt þá sérstaklega er varðar vernd barna, brotþola og fatlaðs fólks. (Einnig sbr. Trúnaðarskylda starfsfólks Reykjadal).

ÓÆSKILEG KYNFERÐISLEG HEGÐUN MILLI TVEGGJA GESTA  
Á SVIPUÐUM ALDRI:**SKREF:**

1. Tryggja öryggi þeirra sem hlut eiga að máli.
  2. Minna á mörk og samþykki í samskiptum þeirra sem hlut eiga að máli.
  3. Hlusta á frásögn þeirra sem eiga að málinu í sitthvoru lagi, tveir starfsmenn.
  4. Hringja í forsjáraðila og taka ákvarðanir um næstu skref í samráði við þau.
  5. Skrifa atviksskráningu (eyðublöð inn á skrifstofu).
  6. Fá fagfólk á staðinn ef starfsfólk og forsjáraðilar ráða ekki við aðstæður.
- Fá fagfólk á staðinn ef einhver sem á hlut í málinu veitti ekki samþykki. (112 og/eða réttindagæslan).



## MIKILVÆG SÍMANÚMER:

### NEYÐARLÍNAN

Sími: 112  
Netfang: neydarlinan@112.is  
-opið 24/7

### KÆRUMÓTTAKA LÖGREGLUNNAR

Sími: 444 1000  
Netfang: lrh@lrh.is  
-Ef 18 ára og eldri vill tilkynna

### BARNAVERND REYKJAVÍKUR

Sími: 411 9200  
Netfang: barnavernd@reykjavik.is  
-ath: 112 gefur samaband við  
barnavernd

### RÉTTINDAGÆSLA FATLAÐS FÓLKS

Sími: 554 8100  
Netfang: postur@rettindagaesla.is

### NEYÐARLMÓTTAKAN F. POLENDUR

Sími: 543 1000  
-opið 24/7

### BJARKARHLÍÐ

Þjónusta, fræðsla og ráðgjöf fyrir þolendur  
Sími: 553 3000  
Netfang: bjarkarhlid@bjarkarhlid.is

### STÍGAMÓT

Sími: 562 6868  
Netfang: stigamot@stigamot.is

### BARNAHÚS

Sími: 530 2500  
Netfang: barnahus@barnahus.is

### BJARMAHLÍÐ Á AKUREYRI

Þjónusta og ráðgjöf fyrir þolendur  
Sími: 551 2520  
Netfang: bjarmahlid@bjarmahlid.is

### UMBOÐSMAÐUR BARNA

Barnasíminn: 800 5999  
Netfang: ub@barn.is

### BARNAHEILL

Sími: 553 5900  
Netfang: radgjof@barnaheill.is

### BARNA- OG FJÖLSKYLDUSTOFA

Sími: 530 2600  
Netfang: bofs@bofs.is

### SIGURHÆDIR Á SELFOSSI

Þjónusta og ráðgjöf fyrir þolendur  
Sími: 843 5566  
Netfang: sigur@sigurhaedir.is

### GÆÐA- OG EFTIRLITSSTOFNUN

Sími: 540 0040  
Netfang: gev@gev.is



## EFTIRFYLGNI

Ef atvik kemur upp, sama hvers eðlis, er nauðsynlegt að fylgja stöðu mála eftir. Þá heyrja hvort málið sé komið í góðan farveg og minna á að starfsfólk Reykjadalss er til staðar. Þegar kemur að líðan þeirra sem verða vitni af atvikinu eða frásögninni er mikilvægt að halda úrvinnslufund fyrir starfsfólkið og bjóða upp á sálfræðiþjónustu. Líkt og síðasta skrefið í tilkynningarferlinum segir þá þarf að fara skipulega yfir öll viðbrögð ef alvarlegt atvik á sér stað, athuga hvar sér hægt að draga lærdóm og uppfæra fræðslu og verkferil samhliða ef þörf er á.

Í lokin er rétt að leggja áherslu á að öll eiga að njóta mannréttinda óháð stöðu, mismunabreytu eða jaðarsetningu. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra fordæmir ofbeldi, áreitni og mismunun og vinnur að því að starfsfólkið sitt hverju sinni fái vandaða fræðslu og aðgang að verkferlum sem skapa öruggari aðstæður í starfinu. Þannig getur starfsfólk samarbúðanna tekið meðvitaða ákvörðun að vernda börn gegn ofbeldi með þá þekkingu til staðar að takast á við ofbeldi með ábyrgð, samvinnu og hugrekki. Með von um að þessi verkferill, sem þú ert með í höndunum, styrki starfið og verði sífellt í þróun í takt við síbreytilegt samfélag. Enn fremur að verkferillinn sé áminning um að virða réttindi fatlaðs fólks og á sérstaklega fatlaðra barna sem eiga alltaf að njóta vafans.

**Fyrir hönd stjórnar Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra,**

---

**Hörður Sigurðsson, formaður SLF**

